

Stjórnarfundur LH 9. desember 2005

9. fundur

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mætt voru: Jón Albert Sigurbjörnsson, Haraldur Þórarinnsson, Sigfús Helgason, Sigurður Ævarsson, Einar Ragnarsson, Halldór Halldórsson, María Þórarinsdóttir, Ingvar Guðbjörnsson og Sigrún Valdimarsdóttir.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð formannafundar LH

Farið var yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

3. Erindi um staðfestingu á Íslandsmetum í skeiði

Metumsóknir í skeiði hjá Sigurði Sigurðarsyni á Drífu frá Hafsteinsstöðum og Sigurði Straumfjörð Pálssyni á Prins frá Ytra – Skörðugili teknar fyrir. Stjórn staðfestir úrskurð keppnisnefndar og þar með nýtt Íslandsmet Sigurðar Straumfjörð sem var á betri tíma eða 7,36 sek..

Miklar umræður urðu um málið og samþykkt að vísa til keppnisnefndar ósk um að móta skýrari reglur um samþykktir á metum, sem gætu verið alþjóðlegar og jafnframt skýrar fyrir Íslandsmet/heimsmet.

4. Knapar ársins til ÍSÍ

Hulda Gústafsdóttir Fáki var valin hestaíþróttakona ársins 2005 og Sigurður Sigurðarson Geysi hestaíþróttamaður ársins 2005.

5. Erindi frá Daníel Ben Þorgeirssyni

Bréf frá Daníel Ben Þorgeirssyni var tekið fyrir, en það er um meðferð á myndefni í eigu LH og útgáfurétti á því efni á netinu. Jón Albert tekur að sér að kanna málið og ræða frekar við Daníel Ben.

6. Menntamál

Tekið var fyrir bréf frá Sigurði Sigursveinssyni skólameistara FSU. Umræðan snýst um hvernig LH geti komið betur að málum og beitt sér fyrir auknum fjárframlögum frá Menntamálaráðuneytinu. Stjórnin samþykkir að senda frá sér fyrirbyggjandi ályktun (sjá f.skj.) og ganga í málið af fullri alvöru. Í framhaldinu var samþykkt að halda fund með Herdísí Reynisdóttur til að ákveða störf og starfssvið núverandi menntanefndar LH, jafnframt því að fara yfir fyrirbyggjandi Matrixu FEIF um reiðkennaramenntun.

7. Flokkun reiðleiða, úthlutun reiðvegafjár og stefna

Halldór fer yfir reiðvegamál og umsókn til Átaksverkefnis um fjárstyrk vegna næstu skrefa í málinu (sjá fskj 2). Þetta er samþykkt af stjórn. Halldór kynnir fyrir stjórnarmönnum það sem hefur unnist í skráningu reiðleiða og sýnir á DVD nokkrar leiðir.

8. Landsþing 2006

Ekki er rétt að staður fyrir þingið verði ekki auglýstur fyrr en kostnaður liggur fyrir. Vont er að geta ekki samið um gott verð og aðstöðu við hótél.

9. Verkefnalisti fyrir átakið

Farið yfir vinnuþagg frá Jóni Alberti um styrkumsóknir og bætt við verkefnum. Jón Albert, Einar og Haraldur fylgja verkefninu eftir með nánari greinargerðum.

10. Mannvirkjanefnd - staðlar

Farið yfir tillögur nefndarinnar og stjórnarmönnum falið að fara yfir staðal um Íslandsmót og Landsmót gera athugasemdir hver um sig.

11. Kynbótanefnd

Jón Albert fer yfir umsókn LH um aðild að Fagráði. Samþykkt af stjórn að fara þess á leit við Landbúnaðarráðherra að lögum verði breytt ef nauðsyn krefur. Ráðherra hefur sýnt málinu skilning og vill reyna að beita sér frekar í því. Stjórn LH leggur ofuráherslu á að fá fulltrúa í Fagrád. Nauðsynlegt er að skipa mann fyrir Jóhann Þorsteinsson í kynbótanefnd LH, vegna veikinda Jóhanns.

12. FEIF ráðstefna í Febrúar

Jón Albert kynnir það og leggur áherslu á að menn ákveði sig snemma hvort þeir hafi áhuga á að taka þátt, þannig að hægt verði að fá ódýr fargjöld.

13. Formannafundur ÍSÍ

Jón Albert skýrir frá málefnum fundarins

14. Önnur mál

- a) Bréf frá Gæðingadómarafélaginu varðandi réttindalausar dómara. Stjórnin styður málið og mun beita áhrifum til þess að þetta verði fært til betri vegar.
- b) Bréf frá Sigurði Steinþórssyni lesið. Hann þakkar LH auðsýnda samúð við fráfall föður síns, Steinþórs Gestssonar.
- c) Bréf frá Lasse Eklund þar sem hann óskar eftir aðstoð LH við dreifingu og sölu á efni frá HM 2005. Stjórn og skrifstofa geta ekki tekið að sér verkefnið en mun benda Lasse á hestavöruverslanir í þessu sambandi.
- d) Stefnunótun: Nauðsynlegt að klára verkefnið.
- e) Sigrún ræddi um hjálmamál. Einar og Sigurður útskýrðu málið.
- f) Jón Albert boðar fundarplan fyrir næsta ár – því fagnað.

Fleira var ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 17:00.

Fundarritari: Einar Ragnarsson